

Mál nr. 454/2021**M og
V vegna Ábyrgðartryggingar ökutækisins A****Orsakatengsl. Sönnun.****Gögn.**

Málskot móttakið 9. desember 2021 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 15. febrúar 2022 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að kvartað sé yfir þeirri afstöðu V að hafna bótaskyldu vegna líkamstjóns M í kjölfar áreksturs milli A og B hinn 25. maí 2020, en M hafi setið í öikumannssæti B er A var ekið á hana kyrrstæða. Enginn vafi sé á um að M hafi orðið fyrir líkamstjóni. Vísað er til þess að í fyrri úrskurði nefndarinnar í máli 315/2020 hafi verið komist að þeirri niðurstöðu að eigandi B ætti rétt á bótum vegna munatjóns sem af árekstrinum hlaut.

Í bréfi V er aðeins vísað til þeirra röksemda sem félagið færði fram vegna fyrri ágreinings um sama atvik, þ.e. að V telji umrætt tjón hafa verið sviðsett og hafi hafnað því að greiða bætur vegna munatjóns. Sé kröfu M um bætur vegna líkamstjóns hafnað á sömu forsendum.

Álit.

Með úrskurði nefndarinnar í máli 315/2020 var komist að þeirri niðurstöðu að eigandi B ætti rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A vegna munatjóns sem hlotist hefði af árekstri bifreiðanna hinn 25. maí 2020, en ekki lægi annað fyrir en að A hefði verið ekið á bifreiðina B þar sem hún stóð kyrrstæð í bifreiðastæði með þeim afleiðingum að tjón hlaut af. Verður niðurstaða nefndarinnar hvað þetta varðar ekki tekin til endurskoðunar og telst umrætt atvik sem slíkt því bótaskyldt. Er því ástæðulaust að rekja frekar málflutning aðila hvað þann þátt varðar enda kemur hann ekki til frekari skoðunar. Ágreiningur þessa máls snýst hins vegar um hvort M eigi rétt til bóta vegna þess líkamstjóns sem hann telur hafa hlotist af umræddu atviki. Fyrir nefndinni liggur samskiptaseðill frá heilsugæslu þar sem fram kemur að M hafi leitað þangað um fjórum klukkustundum eftir umrætt atvik. Kemur þar fram að M hafi lýst höggi á hægri hné og hnykk á hálsi við atvikið. Fékk hann þá greiningu um tognun og ofreymslu á hálshrygg og tognun á hné auk innra brengls á hné. Virðist sú greining að miklu byggð á lýsingu M sjálfs en ekki verður séð að ítarlegar rannsóknir, t.a.m. myndgreiningar, hafi farið fram. Ekkert liggur fyrir um að hann hafi verið óvinnufær í kjölfar umrædds atviks eða að hann hafi fengið sérstök fyrirmæli um frekari meðferð. Þá liggur ekkert fyrir um líkamleg einkenni M í dag, meðferð, rannsóknir eða frekari komur til læknis vegna umræddra einkenna í kjölfar atviksins. Liggja í raun engin önnur gögn um heilsufar M, fyrir eða eftir umrætt atvik, fyrir nefndinni og í málskoti kemur ekki fram hvort og þá hvaða einkenni M búi við í dag. Eins og mál þetta liggur fyrir er því ekki sýnt fram á orsakatengsl milli umrædds atviks og einkenna sem ætla má að M telji mega rekja til þess.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna líkamstjóns.

Reykjavík, 22. mars 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir